

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 308/2024

2025/EES/25/57

frá 6. desember 2024

um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 98. gr.,*að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 9. gr. EES-samningsins er vísað til bókunar 4 við hann („bókun 4“) þar sem mælt er fyrir um upprunareglur.
- 2) Svæðisbundni samningurinn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönd sem veita friðindi ⁽²⁾ (hér á eftir nefndur „svæðisbundni samningurinn“) miðar að því að færa fyrirbyggjandi tvíhliða kerfi yfir upprunareglur, sem sett er fram í tvíhliða fríverslunarsamningum sem samningsaðilar að svæðisbundna samningnum („samningsaðilar“) hafa gert með sér, yfir í marghliða ramma, með fyrirvara um þær meginreglur sem mælt er fyrir um í þessum tvíhliða samningnum, tók gildi 1. janúar 2012 að því er varðar Liechtenstein og Noreg og 1. maí 2012 að því er varðar Ísland og Sambandið.
- 3) Meðan beðið er eftir gildistöku breytingarinnar á svæðisbundna samningnum, þar sem kveðið er á um nýjar nútímalegar og sveigjanlegri upprunareglur („breytingin á svæðisbundna samningnum“) sem voru samþykktar af sameiginlegu nefndinni og komið á fót með svæðisbundna samningnum í krafti ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 1/2023 ⁽³⁾, hafa nokkrir samningsaðilar samþykkt að innleiða valkvæðar upprunareglur byggðar á breytingum á svæðisbundna samningnum („gildandi samningsaðilar“) til bráðabirgða, tvíhliða („umbreytingarreglurnar“). Frá 1. september 2021 hafa nokkrar tvíhliða bókanir um upprunareglur meðal gildandi samningsaðila öðlast gildi og þar með gilda umbreytingarreglurnar. Að því er varðar Evrópska efnahagssvæðið („EES“) kom ný bókun 4 í stað bókunar 4 við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2022 ⁽⁴⁾. Umbreytingarreglurnar koma fram í viðbæti A við þá nýju bókun 4.
- 4) Á tæknifundinum sem haldinn var í Brussel 5. febrúar 2020 samþykkti meirihluti samningsaðila að svæðisbundna samningnum að innleiða umbreytingarreglurnar.
- 5) Markmið umbreytingarreglnanna er að kveða á um mildari reglur, sem auðvelda vörum að uppfylla skilyrði um upprunaréttindi. Þar sem umbreytingarreglurnar eru almennt slakari en reglurnar í svæðisbundna samningnum, gætu vörur sem uppfylla upprunareglurnar sem settar eru fram í svæðisbundna samningnum einnig talist upprunavörur samkvæmt umbreytingareglunum, að undanskildum tilteknum landbúnaðarafurðum sem flokkast undir 2., 4. til 15. og 16. kafla (að undanskildum unnum lagarafurðum) og 17. til 24. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmera-skránni.
- 6) Umbreytingarreglurnar gilda samhliða upprunareglunum sem settar eru fram í svæðisbundna samningnum og skapa þannig tvö aðgreind svæði uppsöfnunar uppruna. Í því samhengi getur það gerst að vörur falli undir báðar upprunareglur samtímis. Samkvæmt meginreglunni um gegndræpi skv. d-lið 1. mgr. 21. gr. viðbætis A við bókun 4 við EES-samninginn („gegndræpi“), má einnig líta svo á að vörur sem hafa fengið upprunaréttindi samkvæmt einum bákki upprunareglna geti talist upprunavörur samkvæmt öðrum bákki upprunareglna. Til að auðvelda beitingu gegndræpis milli svæðisbundna samningsins og umbreytingarreglnanna ber að breyta 8. gr. viðbætis A við bókun 4 við EES-samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 54, 26.2.2013, bls. 4.

⁽³⁾ Ákvörðun sameiginlegrar nefndar svæðisbundna samningsins um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönd nr. 1/2023 frá 7. desember 2023 um breytingu á svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönd (Stjtið. ESB L, 2024/390, 19.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/390/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur (Stjtið. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 133).

7) Því ber að breyta bókun 4 við EES-samninginn svo hið aukna umfang samstarfsins geti átt sér stað.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 1. mgr. 8. gr. viðbætis A við bókun 4 við EES-samninginn:

„1a. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. þessarar greinar, má beita uppsöfnun upprunaréttinda sem kveðið er á um í 7. gr. fyrir vörur, sem flokkast undir 1., 3. og 16. kafla (fyrir unnar lagarafurðir) og 25. til 97. kafla samræmdu tollskráarinnar, sem hafa öðlast upprunaréttindi með beitingu upprunareglna sem settar eru fram í I. viðbæti og viðeigandi ákvæðum II. viðbætis við svæðisbundna samninginn að því tilskildu að viðkomandi vörur teljist upprunnar hjá gildandi samningsaðilunum þar sem uppsöfnun er möguleg.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þegar allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.